




Heilbrigðisstofnun
Vestfjarða



Ársskýrsla 2025

Ávarp forstjóra



Kæru íbúar Vestfjarða og starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, árið 2025 var bæði krefjandi og viðburðaríkt í starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Mönnun og fjárhagur eru áfram megináskoranir, líkt og áður og almennt í heilbrigðiskerfinu. Sérfræðimönnun hefur reynst sérstaklega erfið, en við höfum unnið markvisst að lausnum sem styrkja stöðugleika í mannauðsmálum og munum halda ótrauð áfram á þeirri vegferð.

Mikil áskorun felst í því að tryggja lögbundna heilbrigðisþjónustu innan þeirra fjárheimilda sem stofnunin hefur. Rekstrarhalli ársins 2025 nam um 2,4%. Unnið er að ítarlegri greiningu á raunrekstri og því fjárframlagi sem stofnunin fær. Mat okkar er að fjárveitingar ríkisins endurspegli ekki að fullu fjárþörf grunnrekstrar. Við eigum þó gott og uppbyggilegt samstarf við Heilbrigðisráðuneytið um úrlausnir.

Rekstur og þjónusta Hvest einkennist af mörgum breytum og er á marga vegu óvenjuleg. Auk lögbundinnar heilbrigðisþjónustu annast stofnunin verkefni sem falla utan kjarnastarfsemi, svo sem rekstur og leigu fasteigna, umsýslu umtalsverðs bílaflota og samskipti vegna fasteigna í eigu ríkisins. Þá fylgir mönnun afleysingafólks eins og lækna, hjúkrunarfræðinga og annars fagfólks mikillar umsýslu, t.d ferðatilhögun til og frá Vestfjörðum, bæði innanlands og erlendis ásamt ferðum á milli starfsstöðva, sem öll eru háð samgöngum sem geta verið krefjandi. Þetta reynir á alla sem að koma. Ég vil færa starfsfólki Hvest innilegar þakkir fyrir einstaka þrautseigju, fagmennsku og þolinmæði í slíku umhverfi.



Ávarp forstjóra

Öryggismál stofnunarinnar á öllum starfsstöðvum eru nú í heildarendurskoðun með það að markmiði að efla öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Það er okkur sönn ánægja að segja frá því að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kom best út allra heilbrigðisstofnana í árlegu könnuninni Stofnun ársins, sem lögð er fyrir starfsfólk ríkisstofnanna. Niðurstaðan staðfestir góða liðsheild, trausta forystu og sterka þjónustumenningu.

Stefna Hvest er skýr: að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu í okkar umdæmi, þar sem gildi okkar – virðing, samvinna, traust og jákvæðni – eru höfð að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Stofnunin hefur jafnframt notið ríkulegrar góðvildar úr nærumhverfinu. Okkur bárust fjölmargar gjafir á árinu, bæði stórar og smáar, í formi tækja, búnaðar og fjárframlaga. Slíkur stuðning sýnir samhug samfélagsins og hefur raunveruleg áhrif á gæði þjónustunnar.



Við færum einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum innilegar þakkir fyrir rausnina og þann hlýhug sem að baki býr. Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfar samhentur og hæfur hópur sem leggur sig fram um að veita örugga og góða þjónustu fyrir samfélagið og alla þá sem til okkar leita. Við munum halda áfram að efla þjónustu, tryggja viðeigandi mannafla, bæta húsnæði og endurnýja tækjabúnað.

Stjórnendum og starfsfólki færi ég bestu þakkir fyrir frábær störf og gott samstarf á árinu.

Lúðvík Þorgeirsson,
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Heilbrigðisumdæmið og stofnunin



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varð til í núverandi mynd árið 2014 við sameiningu þáverandi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði.

Stærstu starfsstöðvarnar eru á Ísafirði, þar sem rekið er sjúkrahús, heilsugæsla og hjúkrunarheimilið Eyri. Á Patreksfirði er samþætt sjúkradeild og hjúkrunardeild auk heilsugæslu. Í Bolungarvík er hjúkrunarheimilið Eyri og heilsugæslusel. Á Þingeyri er hjúkrunarheimilið Tjörn og heilsugæslusel. Á Bíldudal, Flateyri, Suðureyri, Súðavík og Tálknafirði eru heilsugæslusel.



Gildi stofnunarinnar sem sett voru fram af starfsfólki eru virðing, jákvæðni, samvinna og traust og stefnir stofnunin á að starfsfólk tileinki sér gildin og vinni markvisst í anda þeirra. Starfsfólkið sjálft leggur sig fram um að skapa góðan vinnustað og starfsanda þar sem vellíðan, heilbrigði og gagnkvæm virðing er höfð í fyrirrúmi.

Heimsókn heilbrigðisráðherra



Fimmtudaginn 4. september heimsótti heilbrigðisráðherra, Alma D. Möller, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða ásamt aðstoðarmanni sínum, Jóni Magnúsi Kristjánssyni.

Við upphaf heimsóknarinnar fundaði ráðherra með framkvæmdastjórn stofnunarinnar, þeim Lúðvíki Þorgeirssyni forstjóra, Elísabetu Samúelsdóttur fjármálastjóra, Erlingi Aspelund framkvæmdastjóra mannauðs, Hildi Elísabetu Pétursdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar og Súsönnu Björgu Ástvaldsdóttur framkvæmdastjóra lækninga.

Að fundi loknum var farið í kynnisferð um starfsstöðvar stofnunarinnar á Ísafirði, þar á meðal sjúkradeild, heilsugæslu og hjúkrunarheimilið Eyri. Ráðherra átti þar kost á að kynna starfsemi og hitta starfsfólk við störf sín.

Síðdegis var heimsókninni haldið áfram í Bolungarvík þar sem ráðherra heimsótti hjúkrunarheimilið Berg. Þar fundaði hún meðal annars með Auði Helgu Ólafsdóttur, deildarstjóra hjúkrunarheimila á norðursvæði, auk þess að hitta starfsfólk og íbúa heimilisins.

Heimsóknin var mikilvægt tækifæri til að kynna ráðherra starfsemi stofnunarinnar og efla samtál við stjórnendur og starfsfólk um helstu verkefni og áskoranir. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þakkar ráðherra og aðstoðarmanni hennar fyrir heimsóknina og áhugann á starfsemi.



Mannauður, mönnun og starfsumhverfi

Á árinu störfuðu að meðaltali 285 starfsmenn hjá í 235,13 stöðugildum. Stofnunin starfar á níu starfsstöðvum og þjónustar um 6.500 íbúa í Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Súðavíkurhreppi og Vesturbyggð.

Grunnurinn að starfsemi Hvest er fjölbreyttur hópur starfsfólks sem sinnir heilbrigðisþjónustu á víðfemu þjónustusvæði. Það krefst samvinnu margra starfsstétta, stöðugar aðlögunar og mikillar þrautseigju. Á árinu var því áfram lögð áhersla á að styrkja fagmönnum, efla stoðeildir styðja betur við starfsfólk og stjórnendur í daglegu starfi.



Sérstök áhersla var á að styrkja læknamönnun við stofnunina. Unnið var að því að manna fastar læknastöður, draga úr álagi og tryggja meiri stöðugleika í þjónustunni til lengri tíma.

Sérstaklega skiptir máli að fá lækna til starfa sem setjast að á svæðinu og verða hluti af samfélaginu, enda styrkir það tengsl við íbúa og skapar meiri festu í þjónustunni.

Starfsemin í tölum

Fjöldi starfsfólks

285

Fjöldi stöðugilda

235

Fjöldi starfsstöða

9

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði

6.500

Mönnun hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsfólks í aðhlyningu var áfram eitt af helstu viðfangsefnum ársins. Þetta á sérstaklega við um sjúkradeildina á Ísafirði og legudeildina á Patreksfirði, þar sem árið var krefjandi og álag á starfsfólk mikið. Þrátt fyrir áskoranir hefur starfsfólk sinnt þjónustunni af fagmennsku og þrautseigju. Áfram er mikilvægt að efla mönnun og styðja við starfsfólk.

Stoðeildir og innri þjónusta

Samhliða var unnið að því að styrkja stoðeildir stofnunarinnar. Á árinu var tölvudeild styrkt með ráðningu annars kerfisstjóra. Verkefnastjóri samskiptamála hóf störf í ágúst með áherslu á upplýsingagjöf, innri samskipti og sýnileika stofnunarinnar. Þá hafa einnig orðið breytingar og fjölgun í hópi heilbrigðisgagnafræðinga. Starfsfólk hefur lokið námi í heilbrigðisgagnafræði og fleiri eru í námi eða á leið í nám.

Mannauður, mönnun og starfsumhverfi

Framkvæmdastjórn

Lúðvík Þorgeirsson

Elísabet Samúelsdóttir

Erling Aspelund

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Súsanna Björg Ástvaldsdóttir

Forstjóri

Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs

Framkvæmdastjóri mannauðs

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Framkvæmdastjóri lækninga

Deildarstjórar

Auður Dóra Franklín

Auður Helga Ólafsdóttir

Árný Magnúsdóttir

Erla Björg Ástvaldsdóttir

Gestur Ívar Elíasson

Heiða Björk Ólafsdóttir

Hulda María Guðjónsdóttir

Jóhanna Oddsdóttir

Kristín Greta Bjarnadóttir

Magnea Hafsteinsdóttir

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Sigríður María Sigurðardóttir

Þórunn Pálsdóttir

Rannsóknardeild Ísafirði

Hjúkrunarheimili norðursvæði

Heilsugæsla suðursvæði

Hjúkrunarheimilið Tjörn

Eldhús Ísafirði

Heimahjúkrun norðursvæði

Myndgreiningardeild Ísafirði

Skurð- og slysadeild Ísafirði

Fæðingardeild Ísafirði

Heilsugæsla norðursvæði

Endurhæfingardeild Ísafirði

Legudeild og heimahjúkrun suðursvæði

Sjúkradeild Ísafirði

Umbætur í starfsumhverfi

Á árinu var einnig unnið að ýmsum verkefnum sem snúa að starfsumhverfi, fræðslu og innra starfi. Áhersla hefur verið lögð á að fjölga starfsmannasamtölum og markvissari eftirfylgni með líðan og starfsþróun starfsfólks. Þá hefur verið unnið að eflingu stuðningsteymis fyrir starfsfólk.

Í september komu stjórnendur stofnunarinnar saman í tveggja daga vinnustofu með utanaðkomandi ráðgjafa. Þar voru kortlögð umbótataækifæri og þróunarverkefni, bæði verkefni til skemmri tíma og stærri verkefni til lengri tíma.

Þessi vinna tengist beint þeirri stefnu að byggja upp skýrari ferla, styðja betur við stjórnendur og skapa heilbrigðara starfsumhverfi.



Í heilbrigðisþjónustu skiptir miklu máli að starfsfólk hafi aðgang að stuðningi, fræðslu og skýrum upplýsingum, sérstaklega þegar starfsemin er dreifð á margar starfsstöðvar.


Stofnun ársins og þjónustukönnun

Starfsánægja aldrei verið meiri!

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hækkaði sig í öllum flokkum könnunarinnar og hlaut hæstu einkunn heilbrigðisstofnana sem tóku þátt. Hvest er nú í 7. sæti yfir stórar stofnanir sem tóku þátt í könnuninni.


Könnunin er gerð á meðal starfsfólks opinberra stofnanna og gefur góða vísbendingu um starfsánægju og varpar ljósi á ýmsa þætti í starfsumhverfinu. Niðurstöður könnunarinnar veita bæði mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir.

Við þökkum starfsfólki innilega fyrir góða þátttöku og stefnum auðvitað á að halda áfram að bæta okkur enn frekar og gera góðan vinnustað enn betri.



Þjónustukönnun ríkisstofnana

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur komið sérlega vel út úr þjónustukönnun ríkisstofnana sem lögð er fyrir skjólstæðinga eftir að þeir nota þjónustuna.



Fæðingardeild í þróun og vexti

Fæðingardeildin á Hvest er millistór fæðingardeild þar sem auk ljósmæðra starfar sérfræðilæknir sem hefur þjálfun í bráðafæðingarhjálp, áhaldafæðingum og keisaraskurðum. Bráðaaðgangur er að skurðstofu með svæfingu allan sólarhringinn. Starfandi eru þrjár ljósmæður í 2,5 stöðugildum og við deildina starfar fæðingarteymi sem er lítill hópur sérfræðilækna, sérfræði hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Ljósmæður sinna öllum norðanverðum Vestfjörðum. Mæðravernd, bæði eðlilegar meðgöngur og konur í áhættumeðgöngu, fæðingar, ungbarnavernd að þriggja mánaða aldri, heilsusamtöl, allar skyndikomur á meðgöngu, göngudeild og fl.



Deildin var tekin í gegn 2024-2025 þar sem hún var máluð, ný húsgögn keypt og aðbúnaður bættur ásamt því að hægt og rólega hafa verið endurnýjuð nánast öll tæki og bráðabúnaður. Aðstaðan uppfyllir nú öll gæðaviðmið og er með þeim bestu á landinu.





Fæðingardeild 2025

Fæðingartíðni deildarinnar hefur farið vaxandi síðastliðin ár. Konur frá Patreksfirði eru í auknum mæli að koma yfir á Ísafjörð. Skýringin er líklega bættar samgöngur og snjómokstur ásamt því að stofnunin hefur stórbætt þjónustu við konur af svæðinu þar sem meðal annars er greiddur ferðakostnaður, dvalarstyrkur og þær fá frítt húsnæði á vegum stofnunarinnar meðan beðið er eftir fæðingu og eftir fæðingu.

Tíðni fæðinga 2022–2025

2022	24
2023	16
2024	28
2025	31



Önnur tölfræði fæðingardeildar Hvest 2025

3 starfandi ljósmæður í
fastri stöðu

31 barn fæddist á Hvest
15 frumbyrjur
16 fjölbyrjur

86 Konur komu í fyrstu
skoðun í mæðravernd.

Fjölmargar konur og
fjölskyldur þeirra nýttu sér
þjónustu ljósmæðravaktar
Hvest á árinu



Fjármál og rekstur

Rekstur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða hefur verið krefjandi og var það áfram á árinu 2025. Heildartekjur námu um 4,8 milljörðum króna og jukust frá fyrra ári, einkum vegna aukinna fjárveitinga og tekna af sölu þjónustu. Rekstrargjöld hækkðu einnig milli ára, aðallega vegna launa- og rekstrarkostnaðar.

Rekstur stofnunarinnar einkenndist af áframhaldandi áskorun í mönnun, sérstaklega vegna erfiðar læknamönnunar á starfssvæði stofnunarinnar. Skortur á sérfræðingum og aukin þörf fyrir aðkeypta þjónustu hafði áhrif á rekstrarkostnað.

Afkoma ársins var neikvæð um 117,9 milljónir króna eða 2,4% halli. Hjúkrunarsvið og heilsugæslusvið voru rekin með halla á árinu. Hjúkrunarsvið var með neikvæða afkomu upp á um 125 milljónir króna. Heilsugæslusvið var rekið með um 10 milljón króna tapi. Sjúkrasvið skilaði hins vegar jákvæðri afkomu eða um 17 milljón króna hagnað og stóð undir stærstum hluta tekna stofnunarinnar.

Kostnaður vegna húsaleigu hefur hækkað samhliða þessu auk ferðakostnaðar. Stofnunin stendur einnig frammi fyrir verulegri innviðaskuld bæði í tækjabúnaði og húsnæði. Ljóst er að áfram verður þörf á fjárfestingum og viðhaldi til að tryggja örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu.

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	2025	2024
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	4.423.126.672	4.042.093.245
Sala á vöru og þjónustu	335.108.493	282.099.453
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	25.053.262	23.149.651
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	48.586.767	43.570.424
Tekjur samtals	4.831.875.194	4.390.912.773
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	3.466.334.217	3.105.512.984
Annar rekstrarkostnaður	1.434.796.725	1.342.242.165
Afskriftir og niðurfærslur	48.586.767	43.570.424
Gjöld samtals	4.949.717.709	4.491.325.573
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(117.842.515)	(100.412.800)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur	97.233	97.603
Fjármagnsgjöld	(122.655)	(48.961)
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif	6.551	3.999
	(18.871)	52.641
Afkoma ársins	(117.861.386)	(100.360.159)

Göngudeild sjúkradeildar



Hjúkrunarfræðingar á göngudeild, Sólveig Pálsdóttir, Sara Guðmundsdóttir og Þórunn Pálsdóttir.

Starfsemi göngudeildar Sjúkradeildar

Samhliða almennum rekstri legudeildar er rekin göngudeild á Sjúkradeildinni. Verkefni göngudeildarinnar eru mjög fjölbætt.

Fyrst er að nefna sjúklinga með ýmsa langvinna sjúkdóma sem koma reglulega í sínar lyfjagjafir, svo sem lyfjagjafir við MS-sjúkdómi sem gefin eru á 6-12 mánaða fresti, lyf við ýmsum sjálfsofnæmissjúkdómum sem gefin eru á 5-8 vikna fresti sem og mótefnagjafir (IgG) sem gefnar eru á 4 vikna fresti. Einstaklingar í meðferð af þessu tagi eru oftast nær í langtímameðferð og koma til okkar ár eftir ár og verða því okkur mjög vel kunnug.

Fólk með krabbamein er líka stór hluti af okkar skjólstæðingahópi. Við vinnum náið með starfsfólki göngudeildar 11B á Landspítala við hjúkrun þessara einstaklinga. Þeirra meðferð er í öllum tilfellum stjórnað af læknum á krabbameinsdeildum LSH, þar byrja þeir sína meðferð. Í flestum tilfellum fara þeir einnig þangað í reglulegt eftirlit en fá eins margar af sínum krabbameinslyfjagjöfum og hægt er í sinni heimabyggð. Auk þess hafa hjúkrunarfræðingar á göngudeild í góðri samvinnu við sérfræðinga deildarinnar lagt sig fram um að aðstoða þau við að halda utan um þeirra málefni og bregðast við því sem upp á kann að koma.

Göngudeild sjúkradeildar

Auk krabbameinslyfjagjafa fær þessi hópur ýmsa stoðmeðferð hér vestra svo sem blóðhlutagjafir, beinþéttilyf o.fl.

Á göngudeild leita einnig fjölmargir í uppáfallandi lyfjagjafir svo sem járngjafir, sýklalyfjagjafir o.fl.

Árið 2025 voru skráðar komur á göngudeild samtals 391 talsins, að meðaltali 1,6 hvern virkan dag ársins eða um 8 komur á viku.

Starfsemi göngudeildar hefur farið vaxandi s.l. ár. Tíðni koma jókst um rúm 16% milli árana 2024 og 2025 og um rúm 13% milli árana 2023 og 2024.

“Krabbameinsfélagið Sigurvon hefur í árana rás verið mjög rausnarlegt þegar kemur að búnaði og innréttingum á göngudeildarherbergjunum. Hefur það gefið okkur sérstaka gjafastóla, vagn undir íhluti sem og séð um að umhverfi deildarinnar sé hlýlegt. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir enda ómetanlegt að eiga þau að”.



Allir hjúkrunarfræðingar Sjúkradeildar koma eitthvað að hjúkrun og lyfjagjöfum göngudeildarsjúklinga. Til að geta blandað og gefið krabbameinslyf þarf viðkomandi hjúkrunarfræðingur að hafa undangengist sérstakt tveggja daga námskeið á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, aðrir hafa ekki leyfi til að sinna þessum störfum. Undanfarin mörg ár hafa það verið að mestu fjórir hjúkrunarfræðingar sem séð hafa um að sinna þessum hópi, þær Rannveig, Sólveig, Þórunn og Sara. Nýlega bættust í hópinn Hildur María og Gerður Ágústa.

Krabbameinsfélagið Sigurvon hefur í árana rás verið mjög rausnarlegt þegar kemur að búnaði og innréttingum á göngudeildarherbergjunum. Hefur það gefið okkur sérstaka gjafastóla, vagn undir íhluti sem og séð um að umhverfi deildarinnar sé hlýlegt. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir enda ómetanlegt að eiga þau að.

Heimaþjónusta Hvest í Vesturbyggð

Gott að eldast

Samningurinn „Gott að eldast“ var undirritaður í júlí 2024 og miðar að aukinni samþættingu þjónustu við eldra fólk. Áhersla er lögð á heildræna nálgun þar sem horft er til umhverfis, færni og þátttöku einstaklinga, með það að markmiði að efla sjálfsbjargargetu og viðhalda færni til daglegs lífs.

Í Vesturbyggð er nú hægt að sækja um samþætta stoðþjónustu. Unnið er að rafrænum umsóknum og eru þær teknar fyrir á mánaðarlegum fundum móttöku- og matsteymis (MÓMA). Í heimaþjónustuteyminu starfa sjúkraliðar, sjúkráþjálfari, þrífataeknar og ráðgefandi hjúkrunarfræðingur í nánu samstarfi við legudeild.



Frá innleiðingu samþættrar þjónustu hefur þjónustan eflst verulega, bæði að umfangi og innihaldi. Nú eru 24 einstaklingar í þjónustu á starfssvæðinu. Þar af eru 3 á Barðaströnd, 4 á Tálknafirði, 6 á Bíldudal og 11 á Patreksfirði.

Markmið heimaþjónustunnar er að vinna eftir heilsuhjólinu sem er hugmyndafræði frá Hollandi eða „the institute for positive health“. Þar er horft á einstaklinginn út frá andlegri vellíðan, líkamlegri virkni, tilgangi, lífsgæðum, þátttöku og daglegri virkni.



Starfið er síbreytilegt og fjölbreytt. Við mætum skjólstaðingum okkar þar sem þeir eru staddir og erum sífellt að leita leiða til að bæta þjónustuna. Á Vestfjörðum, eins og á landinu öllu fer meðalaldur hækkandi og sjáum við fram á aukna þörf og frekari þjónustu í framtíðinni.

Margrét Brynjólfsdóttir,
sjúkráþjálfari og deildarstjóri stoðeildar og
heimaþjónustu á Hvest á Patreksfirði.

Starfsmenn kvaddir á árinu 2025

Á árinu 2025 létu af störfum nokkrir starfsmenn sem starfað höfðu lengi við stofnunina.

Það er ánægjulegt þegar starfsfólk helst lengi í starfi og þykir það vitnisburður um helgun, ánægju og traust á milli vinnuveitenda og starfsfólks og hér eru þau orð vel við hæfi og lýsandi.

Á myndinni hér til hægri eru Halldóra Þórðardóttir, fráfaramandi yfirbókari, Bergljót Pálmadóttir, móttökuritari og Brynja Gunnarsdóttir sem starfaði á hjúkrunarheimilinu Eyri.



Á myndinni hér að ofan eru Steinunn Sölvadóttir, sjúkraliði á sjúkradeild, Halldór Sveinbjörnsson, ráðsmaður og Anette Hansen, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu. Við þökkum þeim innilega fyrir samstarfið í öll þessi ár og óskum þeim velfarnaðar í næstu verkefnum sínum.

